

FJÖLBREYTNÍ

TÆKIFÆRI FYRIR ÍSLENSK FYRIRTÆKI, STOFNANIR OG STARFSFÓLK

-reynsla kanadískra fyrirtækja; fjárhagslegur ávinningur, nýsköpunarhæfni, árangurrík vinnubrögð

Kanadíska sendiráðið á Íslandi í samstarfi við félags- og tryggingamálaráðuneytið, Háskóla Íslands – Stofnun stjórnsýslufræða, Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Alþjóðahúsið, býður til opins málþings um reynslu og ávinning kanadískra fyrirtækja af því að hafa fjölbreytni starfsmanna í fyrirrúmi. Ennfremur verða stutt ávörp um reynsluna hérlendis.

Málþingið fer að mestu fram á ensku og verður í Háskólatorgi, neðri hæð, stofu 104, miðvikudaginn 12. mars nk. kl. 15.15 – 17.00. Aðgangur er ókeypis og boðið verður upp á léttar veitingar að lokinni dagskrá. **Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á eftirfarandi línk:**

<http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/page/fjolebreytni>

Aðal fyrirlesarar verða tvær kanadískar konur þær Yasmin Meralli aðstoðarforstöðumaður hjá elsta og stærsta banka Kanada, *Bank of Montreal*, Diversity and Workplace Equity Unit og Cindy Chan forstjóri *Info Spec Systems Inc.*, hugbúnaðarfyrirtæki sem hún stofnaði og sem hefur náð mjög góðum árangri bæði í Kanada, Bandaríkjunum og í Asíu. Báðar eru mjög vel þekktar fyrir sín störf í Kanada, eru afburðafyrirlesarar og hefur Cindy hlotið margháttaðar viðurkenningar fyrir sín störf. Ávörp flytja sendiherra Kanada á Íslandi Anna Blauveldt, Svali Björgvinsson Kaupþing banka, Tatiana K. Dimitrova leikskólastjóri, Ólafur Ólafsson, AstraZeneca. Sjá nánar hér að neðan.

Málþinginu stýrir Tatjana Latinovic, stjórnandi í þróunardeild Össsurar hf.

Markmiðið málþingsins er að greina hvernig fjölbreytni starfsfólks, getur verið ávinningur fyrirtækja. Fjölbreytni sem er sýnileg eða ósýnleg og getur verið vegna kyns, aldurs, forsögu, kynþáttar, fötlunar, persónu og vinnulags. Ef rétt er staðið að áherslu á fjölbreytni leiðir hún til góðs árangurs þar sem starfsmenn finna fyrir virðingu, hæfileikar þeirra fá notið sín og fyrirtækið eða stofnunin nýtur góða af.

DAGSKRÁ

15.15 – 15.30 Fjölbreytni – skiptir máli.

Anna Blauveldt, sendiherra Kanada á Íslandi opnar málþingið.

Ávarp- Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, félags- og tryggingamálaráðuneyti

15.30 – 16.20 Framsöguerindi:

Connecting Diversity to Performance: Why Diversity Matters.

Yasmin Meralli, aðstoðarforstjóri, fjölbreytni og mannauðssviði, BMO Financial Group

Diversity, Entrepreneurship, and Internationalization.

Cindy Chan með-stofnandi og forstjóri InfoSpec Systems Inc.

16.20 – 17.00

Fjölbreytni í framkvæmd – íslenska leiðin – getum við lært af reynslu Kanada?

Svali Björgvinsson framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, Kaupþing banki.

Tatiana K. Dimitrova leikskólustjóri, Bergi á Kjalarnesi.

Ólafur Ólafsson lyfjafræðingur AstraZeneca.

Fulltrúi CCP hf. á Íslandi.

Lokaorð Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Léttar veitingar.

Efni aðal fyrirlestra og upplýsingar um fyrirlesarana:

Yasmin Meralli : Connecting Diversity to Performance: Why Diversity Matters.

This presentation covers the key reasons for supporting diversity: the search for talent, increasing diversity of customers, and the linkage between diversity and performance. A fact base supporting the business case for diversity in the Canadian and U.S. context is presented, from the perspective of BMO Financial Group, Canada's first bank and one of the largest financial institutions in Canada. This presentation provides a practical guide on how to build a diverse workforce and an inclusive, equitable workplace.

Cindy Chan: Diversity, Entrepreneurship and Internationalization

- An Immigrant Woman's View. - Cultural Factors affecting Entrepreneurship. - Opportunities for an Immigrant Entrepreneur. - Challenges for an Immigrant Entrepreneur. - Going International. - A Women in a Man's World – then. - A Women in a Man's World – now.

Cindy Chan er með-stofnandi og forstjóri InfoSpec Systems Inc., (Profitec) hugbúnaðarfyrirtækis sem hefur skipað sér á lista yfir 100 bestu tæknifyrirtæki í Bresku Kólumbíu. Fr. Chan hlaut Ethel Tibbits viðurkenningu sem kona ársins í atvinnulífinu árið 2003, og árið 2005 fékk hún New Canadian Entrepreneur Award. Hún tekur virkan þátt í samfélagsþjónustu and starfi góðgerðarstofnanna svo sem Richmond verslunarráðinu og Kanadíska krabbameinsfélaginu. Fr. Chan hefur BSc gráðu frá Simon Fraser háskólanum. Hún flutti til Kanada árið 1979.

Yasmin Meralli, aðstoðarforstjóri, fjölbreytni (diversity) og mannauðssvið, BMO Financial Group

Í starfi sínu sem aðstoðarforstjóri fjölbreytni- og mannauðssviðs, sér fr. Yasmin Meralli um að endurnýja og styrkja forystu Bank of Montréal (BMO) á þessu sviði, bæði í Kanada og Bandaríkjunum. Hún veitir fjölbreytniáætlun bankans forstöðu með því að samþætta fjölbreytni inn í aðra vinnutengda þætti svo sem áætlanagerð, ráðningar og starfsmannaáætlanir. Yasmin Meralli gekk til liðs við BMO árið 1994 sem aðalendurskoðandi á fyrirtækjasviði og varð yfirmaður þess ári síðar. Árið 1996 færði hún sig yfir á svið rafrænnar bankaþjónustu og tók við stöðu yfirmanns viðskiptaáætlana og stefnumótunar. Árið 1998 var hún gerð að framkvæmdastjóra áætlana og stjórnunar á sviði rafrænna viðskipta. Þremur árum síðar gekk hún til liðs við smásölusvið BMO sem framkvæmdastjóri áætlanagerða. Árið 2004 var hún gerð að aðstoðarforstjóra viðskiptaáætlana og stefnumótana á hópaþróunarsviði smásölusviðs BMO. Hún hóf feril sinn hjá Thorne, Ernst and Whinney. Síðar starfaði hún sem ráðgjafi og endurskoðandi hjá ýmsum fyrirtækjum, t.d. Boots, B.C. Rail og Eastern Electricity á Englandi. Fr. Meralli er með MBA gráðu og er jafnframt löggiltur endurskoðandi í British Columbia fylki og löggiltur innri endurskoðandi.